

A 1872/holdbart**Afgreiðsla** Norræna sjálfbærninefndin**Nefndarálit norrænu sjálfbærninefndarinnar um
þingmannatillögu um Svansmerkingar á umbúðum****Tillaga**

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að

Norðurlandaráð aðhafist ekki frekar varðandi þingmannatillögu um Svansmerkingar á umbúðum (A 1872/holdbart)

Bakgrunnur

Flokkahópur jafnaðarmanna flutti svohljóðandi tillögu:

Norðurlandaráð beini því til Norrænu ráðherranefndarinnar

að bæta kröfum til umbúða við vottunarkerfið Svansmerkið

Norðurlandaráð beini því til norrænu ríkisstjórnanna

að að rýmka vottunarkerfið Svansmerkið svo það nái til umbúðaframléiðslu almennt

Norræna vottunarkerfið Svansmerkið var sett á laggirnar fyrir 31 ári og nær till allra norrænu landanna. Merkið er vel þekkt meðal neytanda og nýtur mikils trausts. Því er mikilvægt að merkið verði áfram í fararbroddi á sviði neytenda- og umhverfisverndar.

Sem stendur nær Svansmerkið til nokkurra tegunda af umbúðum, t.a.m. pítsukassa. Einmitt þess vegna veldur það ruglingi meðal neytenda að merkingin nái ekki til annarra hluta umbúðanna jafnvel þótt varan sé Svansmerkt. Í dag getur vara verið Svansmerkt þar sem hún uppfyllir kröfur Svansmerkisins en ytri umbúðir hennar kunna að vera skaðlegar umhverfinu og loftslaginu og óhæfar til endurvinnslu. Með því að kröfur til umbúða verði hluti af Svansmerkinu verður merkið öflugra jafnframt því sem við beinum iðnaðinum í átt til aukinnar sjálfbærni.

Tillagan var fyrst kynnt fyrir nefndinni á nefndarfundi 28. júní 2021. Þar var ákveðið að bjóða sérfræðingum frá hagsmunasamtökum eða sambærilegum aðilum til að varpa frekara ljósi á málið. Á fund nefndarinnar þann 7. september kom GRAKOM, sem eru dönsk samtök atvinnulífsins fyrir meira en 500 fyrirtæki í prent- og miðlunargreinum, þar á meðal fyrirtæki á sviði umbúðaframléiðslu. Umræðurnar í



nefndinni leiddu til óska um að bjóða fulltrúa frá Norræna umhverfismerkinu og Karen Dahl Jensen, yfirmaður vöruþróunar hjá Norræna umhverfismerkinu kom á fund nefndarinnar hinn 25. janúar 2022.

Sjónarmið nefndarinnar

Nefndin telur að svansmerktar umbúðir auðveldi neytendum að velja sjálfbærar vörur með litlu loftlags- og umhverfisspori eftir einföldum, aðgengilegum og áreiðanlegum leiðbeiningum. Til að tryggja heildarmynd af sjálfbærni varanna er mikilvægt að kröfur um sjálfbærni nái einnig yfir umbúðir. Þó er vert að hafa í huga að þótt umbúðirnar fari í endurvinnslu er ekki hægt að tala um hringrás og endurnýtingu fyrr en viðtakandinn hefur í raun flokkað þær til endurvinnslu.

Nefndin telur Svansmerkið vera mikilvægt tæki til að draga úr loftlags- og umhverfisspori við umbúðaframléiðslu. Nefndin fagnar því að í reglum um Svansmerkið sé þegar fjallað um umbúðir. Þar að auki er vakin athygli á því að í gangi er vinna við þróun skilgreininga fyrir flutninga vegna netinnkaupa, sem búist er við að ljúki á haustdögum 2022.

Eftir að hafa hlustað á Karen Dahl Jensen, yfirmann vöruþróunar hjá Norræna umhverfismerkinu, styður flokkahópur jafnaðarmanna ekki lengur eigin tillögu og nefndin ákvað einróma að leggja það til við Norðurlandaráð að það aðhafist ekki frekar varðandi þingmannatillögu um Svansmerkingar á umbúðum (A 1872/holdbart).

Malmö, 21. mars 2022

Anders Kronborg (S)

Bryndís Haraldsdóttir (Sj.)

Cecilie Tenfjord-Toftby (M)

Emilia Töyrä (S)

Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir (Frfl)

Kim Kielsen (S)

Lene Westgaard-Halle (H)

Magnus Ek (C)

Ola Elvestuen (V)

Anne Rasmussen (V)

Rasmus Ling (MP)

Rasmus Nordqvist (ALT)

Simon Holmström (HI)

Staffan Eklöf (SD)

Tove Elise Madland (A)

Troels Ravn (S)